

Tölfræði I (09.10.45)

Vikublað 11

Efni:

Að undanfögnu höfum við verið að vinna í kafla 9 (bilmát, “confidence interval”). Að vanda höfum við sleppt öllum Bayes-aðferðum (9.3.3-9.3.4). Til viðbótar efni kaflans tókum við Bonferroni öryggismengi og neðangreint.

Föstudag, 16/4, ljúkum við efni námskeiðsins með því að fara yfir

(1) Gæði bilmats, með áherslu á væntanlega lengd bilsins (úr kafla 9)

(2) Nokkur dæmi um tilraunahögun (“experimental design”), þ.e. val á n til að ná tiltekinni billengd í öryggismörkum fyrir hlutfall eða meðaltal og val á n til að ná tilteknum prófstyrk þegar verið er að prófa meðaltal eða hlutfall. Munum einnig nefna staðsetningar mælinga til að ná nákvæmni við aðhvarfsgreiningu.

(3) Tökum nokkur dæmi um stikalaus tölfræði (“nonparametric statistics”).

Miðvikudaginn, 21/4, verður dæmatími, fimmtudagstíminn 22/4 fellur niður og föstudaginn 23/4 verður yfirlitstími þar sem við förum yfir efni, hugsanlegar prófspurningar, e.t.v nokkur dæmi, o.s.frv. Að loknum þeim tíma ákveðum við, hvort verður viðbótar(dæma)tími miðvikudaginn 28/4 (mjög líklegt).

Dæmi

Á miðvikudag reikna Ásta, Óskar, Sigurður Rafnar sín dæmi og síðan tókum við dæmi úr kafla 9.

Skiladæmi (fyrir lokun, miðvikudag): 9.14

Dæmi úr kafla 9:

2, 8, 16, 17, 33(a), 35, 36, 51, 52(a,c), 58(a).